



# FRAMKVÆMDALEYFI

**Leyfishafi:** Vegagerðin

**Kennitala:** 6802069-2899

**Dagsetning samþykktar leyfis:** 22. nóvember 2022

**Framkvæmdalýsing:** Framkvæmdin felst í lagningu þriðja áfanga Arnarnesveggar milli Rjúpnavegi í Kópavogi og Breiðholtsbrautar í Reykjavík. Um er að ræða nýjan veg þ.m.t. skeringar. Ljósagatnamót Arnarnesveggar og Breiðholtsbrautar, ásamt nauðsynlegum framkvæmdum á Breiðholtsbraut vegna gatnamóta s.s. breikkun Breiðholtsbrautar frá Jaðarseli í Reykjavík fram yfir nýju gatnamótin. Akstursbrú yfir Breiðholtsbraut með aðskildum göngu- og hjólastíg. Göngu- og hjólabrú yfir Arnarnesveg sem tengir stofnstíga milli Reykjavíkur og Kópavogsbæjar. Undirgöng undir Breiðholtsbraut við Suðurfell/Jaðarsel. Undirgöng undir Arnarnesveg við Rjúpnaveg. Hringtorg á mótum Arnarnesveggar og Rjúpnavegar. Hringtorg á mótum Arnarnesveggar og Vatnsendavegar. Stofnstígur gangandi og hjólandi frá Rjúpnavegi yfir í Elliðaárdal. Hljóðmanir / -varnir. Göngu- og hjólabrú á Dimmu. *Framkvæmdaleyfi þetta tekur einungis til framkvæmda innan sveitarfélagsmarka Kópavogs.* Nánari lýsing á framkvæmd vísast til meðfylgjandi gagna, Umsókn vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi og greinargerð Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar dags. 10. nóvember 2022.

**Skilyrði leyfisveitanda:** Í greinargerð gildandi deiliskipulags Arnarnesveggar 3. áfanga, eru settar fram mótvægisáðgerðir vegna áhrifa á umhverfisþætti s.s. landnotkun, hljóðstíf, loftmengun, afrennsli og vatnafar, gróður, fugla, fornleifar, sjónræn áhrif og útivist. Framkvæmdaaðili skal samhliða ofangreindum framkvæmdum ráðast í framsettar mótvægisáðgerðir og /eða eftirfylgni og telst verkinu ekki lokið fyrr en að þeim loknum.

**Eftirlitsaðili framkvæmdar:** Stefán Loftur Stefánsson, deildarstjóri framkvæmdadeildar á umhverfissviði Kópavogs. Tilkynna skal leyfisveitanda skriflega og með hæfilegum fyrirvara um breytingar á framkvæmdinni eða tímaáætlun hennar miðað við þau hönnunargögn sem tilgreind eru hér að neðan. Þá skal tilkynna leyfisveitanda skriflega og með hæfilegum fyrirvara um verklok.

Framkvæmd skal unnin í samræmi við fyrirliggjandi matsskýrslu, úrskurð Skipulagsstofnunar, gildandi deiliskipulag, framkvæmdalýsingu og hönnunargögn sem tilgreind eru í leyfi þessu ásamt greinargerð Kópavogsbæjar og Reykjavíkurborgar með framkvæmdaleyfinu.

Ef merki finnast um fornleifar við framkvæmdina, sem áður voru óþekktar, skal eftirlitsaðili framkvæmda stöðva framkvæmdir og greina Minjastofnun Íslands frá fundinum. Ekki má hefja framkvæmdir að nýju fyrr en ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir um hvort verkið megi halda áfram og þá með hvaða skilyrðum.

Framkvæmdaleyfi þetta var samþykkt í skipulagsráði Kópavogs 14. nóvember 2022 og í bæjarstjórn Kópavogs 22. nóvember 2022.

Áætlað er að framkvæmdum ljúki endanlega haustið 2025. Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan tólf mánaða frá útgáfu framkvæmdaleyfisins sbr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Kópavogi 6. janúar 2022.

f.h. Umhverfissviðs Kópavogsbæjar

  
Auður D. Kristinsdóttir, Skipulagsfulltrúi

Framkvæmdaleyfi þetta er grundvallað á eftirtöldum gögnum:

Gögn	Ábyrgð	Dagsetning
Umsókn Vegagerðarinnar um framkvæmdaleyfi ásamt fylgiskjölum	Vegagerðin	1. júlí 2022
Uppdrættir, verkeikningar frá Verkís A-Y dags. í apríl 2022	Vegagerðin / Verkís	Apríl 2022
Áfangaskipting	Vegagerðin / Verkís	8. apríl 2022
Greinargerð Kópavogs og Reykjavíkur með framkvæmdaleyfi	Kópavogsbær/Reykjavíkurborg	10. nóvember 2022
Matsskýrsla, Arnarnesvegur	Vegagerðin / VSÓ ráðgjöf	Febrúar 2003
Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu	Skipulagsstofnun	4. júlí 2003
Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu	Skipulagsstofnun	16. febrúar 2021
Minnisblað um úttekt á blátoppu	Vegagerðin / Náttúrufræðistofnun Íslands	15. júní 2022
Minnisblað um uppsetningu mæla	Vegagerðin	Ágúst 2022
Deiliskipulag þriðja áfanga Arnarnesvegur	Kópavogsbær/Reykjavíkurborg	28. október 2022
Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024	Kópavogsbær	24. feb. 2014
Aðalskipulag Kópavogs 2109-2040	Kópavogsbær	28. des. 2021
Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.	Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.	2015